



Hörgársveit

Fréttabréf

17. desember 2013 4. árgangur 24. tölublað

GLEÐILEG JÓL



Sveitarstjórn Hörgársveitar og starfsmenn á skrifstofu sveitarfélagsins óska íbúum þess gleði og friðar á jólum og farsældar á nýju ári með þökk fyrir árið sem er að líða.

Sundkort

Á árinu 2014 eiga þeir sem þá eiga lögheimili í sveitarfélaginu kost á að fá afhent án endurgjalds sundkort, sem gildir í Jónasarlaug á Þelamörk. Sundkortin gilda frá afhendingardegi til og með 31. desember 2014.

Þeir sem óska eftir slíku sundkorti eiga að snúa sér til skrifstofu sveitarfélagsins í Þelamerkurskóla, þar sem þau verða afhent frá og með 2. janúar 2014.

Skrifstofan er opin virka daga nema föstudaga kl. 10-12 og 13-15.

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475
Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is
Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri
Veffang: www.horgarsveit.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 41 12. desember 2013

Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Þór Helgason, Helgi Bjarni Steinsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir

1. Flutningur skrifstofu

Rætt um flutning skrifstofu sveitarfélagsins í íbúð í B-álmu Þelamerkurskóla, sbr. samþykkt sveitarstjórnar 19. júní 2013.

Sveitarstjórn samþykkti að fresta fyrirhuguðum flutningi skrifstofu sveitarfélagsins á meðan vinna við greiningu á húsnæðisþörf skólanna í sveitarfélaginu stendur yfir.

2. Fjárhagsáætlun 2013, viðauki 03/2013

Lögð fram drög að viðauka við fjárhagsáætlun 2013, sbr. 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Auðkenni viðaukans er 03/2013.

Sveitarstjórn samþykkti viðauka við fjárhagsáætlun 2013 nr. 03/2013, sem gerir ráð fyrir lækkun rekstrarkostnaðar samtals að fjárhæð 4.480 þús. kr. og hækkun kostnaðar við fjárfestingar um 22 millj. kr.

3. Álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2014

Lagt fram tölvubréf, dags. 26. nóvember 2013, frá innanríkisráðuneytinu þar sem gerð er grein fyrir væntanlegri breytingu á lögum um hámarksútsvar. Skv. því verður lögbundið hámark útsvars á árinu 2014 14,52%, ekki 14,48%. Fram kemur í tölvubréfinu að gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall tekjuskatts lækki samsvarandi.

Sveitarstjórn samþykkti að breyta áður gerðri samþykkt um álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2014, þannig að það verði 14,52%, með þeim fyrirvara að frumvarp um hækkun hámarksútsvars verði að lögum.

4. Endurbætur á húsnæði Þelamerkurskóla

Lögð fram niðurstaða verðfyrirspurnar vegna gerðar útboðsgagna, þ.m.t. verkeikninga, kostnaðaráætlunar, fyrir 1. áfanga endurbóta á Þelamerkurskóla.

Sveitarstjórn samþykkti að samið verði við Verkfræðistofu Norðurlands um gerð útboðsgagna, þ.m.t. verkeikninga og kostnaðaráætlunar, fyrir 1. áfanga endurbóta á Þelamerkurskóla.

5. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2014-2017, síðari umræða

Fjárhagsáætlun aðalsjóðs eignasjóðs og veitna, annars vegar fyrir árið 2014 og hins vegar fyrir árin 2015-2017, var tekin til síðari umræðu. Fyrir lá endurskoðuð tillaga með breytingum á þeirri tillögu sem var til fyrri umræðu, í samræmi við nýjar upplýsingar.

Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu að fjárhagsáætlun aðalsjóðs, eignasjóðs og veitna fyrir árin 2014-2017. Fjárhagsáætlunin fyrir árið 2014 gerir ráð fyrir að skatttekjur verði 393.659 þús. kr., að heildarrekstrarkostnaður A-hluta (nettó) verði 358.869 þús. kr. og að rekstrarhalli veitna verði 4.138 þús. kr. þannig að rekstrarafgangur verði 30.652 þús. kr., að veltufé frá rekstri verði 56.695 þús. kr., til framkvæmda og annarra eignabreytinga á árinu verði varið 77.857 þús. kr. og að lántaka verði að fjárhæð 70 millj. kr. Þá er áætlað að handbært fé í árslok verði 67.751 þús. kr.

Fjárhagsáætlun fyrir árin 2015-2017 gerir ráð fyrir að á árinu 2015 verði afgangur af rekstri samstæðunnar 8,5 millj. kr., á árinu 2016 7,5 millj. kr. og 3,0 millj. kr. á árinu 2017. Þá er gert ráð fyrir að fjárfestingar verði 70 millj. kr. á ári árin 2015 og 2016 og 50 millj. kr. á árinu 2017, og að lántökur verði 60 millj. kr. á ári árin 2015 og 2016 og 50 millj. kr. á árinu 2017.

6. Þelamerkurskóli, uppgjör á hlutdeild ríkissjóðs í íbúðum

Lagður fram kaupsamningur vegna uppgjors á hlutdeild ríkisins í íbúðum í og við Þelamerkurskóla, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. *Sveitarstjórn samþykkti að veita sveitarstjóra umboð til að undirrita fyrirbyggjandi kaupsamning og önnur skjöl vegna uppgjors á hlutdeild ríkisins í íbúðum í og við Þelamerkurskóla og lóðarréttindum.*

7. Laugaland, viðræður um kaup

Lagt fram bréf, dags. 4. desember 2013, frá Legati Jóns Sigurðssonar þar sem óskað er eftir viðræðum um hugsanleg kaup á hluta jarðarinnar Laugalands, sem Þelamerkurskóli stendur á. *Sveitarstjórn samþykkti að viðræður eigi sér stað um hugsanleg kaup á hluta jarðarinnar Laugalands.*

8. Ós, sala á landspildum

Rætt um hugsanlega endurtekingu á sölufarli þriggja landspildna á Ósi, sbr. fundargerð 16. jan. 2013. *Sveitarstjórn samþykkti að auglýst verði að nýju eftir tilboðum í spildur sem merktar eru A, B og C í landi Óss, í samræmi við umræður á fundinum.*

9. Fagravík, leyfislaus gámur

Lagt fram bréf, dags. 28. nóvember 2013, frá Lögmannsstofu Akureyrar ehf., þar sem þess er krafist að leyfislaus gámur í Fögruvík, sbr. fundargerðir sveitarstjórnar 16. október og 20. nóvember 2013, verði fjarlægður nú þegar. *Sveitarstjórn samþykkti að vísa erindinu til skipulags- og umhv.nefndar til umsagnar.*

10. Athugandi ehf., umsögn um umsókn um leyfi fyrir skeldýrarækt

Lagt fram bréf, dags. 28. nóvember 2013, frá Matvælastofnun, þar sem leitað er umsagnar um umsókn Athuganda ehf. um leyfi til tilraunaræktunar á kræklingi í Eyjafirði, þ.m.t. fyrir utan Dagverðareyri og Skjaldarvík. *Sveitarstjórn samþykkti að af hálfu sveitarfélagsins verði ekki gerð athugasemd við fyrirbyggjandi umsókn um leyfi til tilraunaræktunar á kræklingi í Eyjafirði.*

11. Flokkun Eyjafjörður ehf. og Molta ehf., aðalfundur

Gerð grein fyrir því að aðalfundur Flokkunar Eyjafjörður ehf. og Moltu ehf. verða 30. desember 2013. *Sveitarstjórn samþykkti að Guðmundur Sigvaldason fari með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundum Flokkun Eyjafjarðar ehf. og Moltu ehf. 30. desember 2013.*

12. Minjasafnið á Akureyri, aðalfundur

Lagt fram aðalfundarboð Minjasafnsins á Akureyri ses. Aðalfundurinn verður 19. desember 2013. *Sveitarstjórn samþykkti að Guðmundur Sigvaldason fari með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundi Minjasafnsins á Akureyri 19. desember 2013.*

13. Tækifæri hf., forkaupsréttur hlutabréfa

Lagt fram bréf, dags. 3. desember 2013, frá Tækifæri hf. þar sem gerð er grein fyrir forkaupsrétti sveitarfélagsins á fölum hlutum í félaginu. *Sveitarstjórn samþykkti að ekki verði nýttur forkaupsréttur sveitarfélagsins á þeim hlutum í Tækifæri hf., sem fyrir liggur að eru til sölu.*

14. Landgræðsla ríkisins, styrkbeiðni

Lagt fram bréf, dags. 28. nóvember 2013, frá Landgræðslu ríkisins, þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 25.000 til verkefnisins „Bændur græða landið“. *Sveitarstjórn samþykkti að á árinu 2014 verði veittur styrkur að fjárhæð kr. 25.000 til verkefnisins „Bændur græða landið“.*

15. Guðlaug J. Sigurðardóttir, styrkbeiðni

Lagt fram bréf, ódags., frá Guðlaugu Jönu Sigurðardóttur, þar sem óskað er eftir styrk vegna náms í Danmörku. *Sveitarstjórn samþykkti að ekki verði orðið við erindinu.*

Jólatrésskemmtun á Melum

Sunnudaginn 29. desember 2013 verður jólatrésskemmtun á

Melum í Hörgárdal. Skemmtunin hefst kl. 14:00.

Aðgangseyrir 500 kr. fyrir 3ja ára og eldri.

Allir íbúar sveitarfélagsins eru velkomnir.

Nefndin

Nýársbrenna

Ungmennafélagsins Smárans verður **laugardaginn 4. janúar** í malarkrúsunum norðan við Laugaland á Þelamörk. Kveikt verður í brennuni kl. 20:30, dagskráin er hefðbundin. Þeir sem hyggjast leggja til efni í brennuna hafi samband við Árna Arnsteins í Stóra-Dunhaga í síma 866 7501.

Endurbætur á Þelamerkurskóla

Næsta sumar verður ráðist í 1. áfanga endurbóta á húsnæði Þelamerkurskóla. Með endurbótunum er brugðist við niðurstöðum úttektar á viðhaldspörf skólans, sem gerð var í upphafi þessa árs. Ennfremur miða endurbæturnar að því að koma aðgengismálum hreyfihamlaðra í viðunandi horf og koma til móts við ábendingar eldvarnaeftirlits.

Í 1. áfanga endurbótanna verður upphaflegt anddyri skólans stækkað, svo að unnt verði að taka það aftur í notkun sem aðalinngang skólans, og komið verður fyrir lyftu til að tengja saman öll gólf í A-álm og B-álm, þ.e. í kennslustofuálm og í álmunni sem mötuneytið er í. Þá verða gerðar endurbætur á hluta A-álmunnar.

Hönnun þeirra breytinga sem um er að ræða er gerð af arkitektastofunni VA-arkitektum í Reykjavík.

Þess er vænst unnt verði að bjóða út framkvæmdirnar í febrúar og að þær geti hafist í byrjun maí-mánaðar.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 15. janúar í Þelamerkurskóla

Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is síðdegis 13. janúar